



DEILISKIPULAG Í GILDI 1:2000 A2



TILLAGA AÐ BREYTINGU 1:2000 A2



DEILISKIPULAG Í GILDI - YFIRLITSMYND, EKKI Í KVARÐA

Greinargerð deiliskipulags

Gerð er breyting á deiliskipulagi, Svartsengi - deiliskipulag á athafnasvæði og reit undir þjónustustofnanir.

Skipulagsuppráttur og greinargerð dagsett í ágúst 2002 sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 13.11.2002 er gildandi deiliskipulag svæðisins.

Forsendur

HS Orka ráðgerir að leiða affallsvökva frá Bláa lóninu í sprungurein sem staðsett er vestur af bilastæði Bláa lónsins. Til þess að unnt sé að dæla affallsvökvanum í sprungureinina er þörf á að byggja dælustöð fyrir uppþælingu norðan við lónið og leggja þrýstilögn meðfram Bláalónsvegi (426), á milli fyrirhugaðrar dælustöðvar og borteigs.

Breyting er gerð á lóð II. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir heilbrigðisþjónustu í tengslum við starfsemi Bláa lónsins og mannvirkjum til meðferðar á húðsjúkdómum á lóðinni. Í breytingu á deiliskipulagi er, auk fyrrgreindra mannvirkja gert ráð fyrir dælustöð vegna förgunar affallsvökva úr Bláa lóninu.

Breytingin felur í sér:

- Afmörkun á byggingarreit fyrir dælustöð á norðurhluta lóðar II á deiliskipulagi.
- Aðkomuveg að dælustöð.
- Lagnaleið fyrir þrýstilögn.
- Stærð og afmörkun skipulagssvæðis er breytt, mörk skipulagssvæðis stækkar um nokkra metra til norðurs í átt að Bláalónsvegi til að unnt sé að koma fyrir lögn og aðkomuvegi.
- Aukið nýtingarhlutfall.

Samhlöða er gerð breyting á aðilggjandi deiliskipulagi Bláa lónsins.

Skilmálar

Dælustöð.

Staðsetning dælustöðvar er í eldhrauni sem nýtur verndar skv 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Svæðið við byggingarreit er þegar nokkuð raskað vegna aðgerða við niurdælingu á affallsvatni úr Bláa lóninu. Við hönnun, uppbyggingu og frágang dælustöðvar þarf að taka tillit til þess að hún er staðsett við aðkomuveg að Bláa lóninu sem er einn mest sótt ferðamannastaður á landinu. Eftirfarandi skilmálar eru settir m.a. til að draga úr áhrifum á ásynnd aðkomu að Bláa lóninu og til að hlífa hrauni eins og kostur er:

- Byggingareitur er 200m². Innan byggingareits er heimilt að reisa dælustöð sem er allt að 50m² ofanjarðar og allt að 200m² neðanjarðar.
- Hámarkshæð byggingar er 2,5 metrar yfir gólfkóta.
- Útveggir mannvirkis skulu klæddir með klæðningu í lit sem fellur vel að umhverfinu og nærliggjandi byggingum.
- Efni klæðningar skal vera svipað og efni klæðningar á Lækningalind Bláa lónsins sem staðsett er í næsta nágrenni.
- Við framkvæmdir skal lágmarka allt rask á hrauni eins og kostur er.

Í gildandandi deiliskipulagi er leyfilegt byggingarmagn á lóð II 3.000 m². Með breytingu er það aukið í 3.200m², það er aukning sem nemur 200m².

- Leyfilegt byggingarmagn á lóð II er 3.200m².
- Nýtingarhlutfall á lóð II er 0,035.

Aðkoma.

Gert er ráð fyrir aðkomuvegi og 5 bilastæðum við dælustöð, leiðbeinandi lega aðkomuvegar og bilastæða er sýnd á upprætti.

- Við lagningu aðkomuvegar og bilastæða skal tryggja að ekkert rask verði á hrauni utan vegaxlar og lágmarka skal allt rask á hrauni eins og kostur er.

Þrýstilögn.


Legna nýrrar lagnaleiðar fyrir affallsvökva úr Bláa lóninu er sýnd á upprætti. Lögnin verður niðurgrafin í vegðxl Bláalónsvegar.

- Við lagningu á þrýstilögn skal tryggja að ekkert rask verði á hrauni sem liggur utan vegaxlar.
- Frágangur skal vera í samræmi við núverandi frágang með veginum.
- Sækja þarf um leyfi frá Vegagerð fyrir lagningu þrýstilagrar innan veghelgunarsvæðis.

Frágangur.

Lögd er áhersta á að lágmarka allt rask á hrauninu við fyrirhugaðar framkvæmdir og að fella mannvirki að landi.

Fyrirhuguð framkvæmd er tilkynningarskyld skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, þar sem um er að ræða breytingu á matskyldri framkvæmd (liður 13.a í 2. viðauka).



Aðalskipulag Grindavíkurbæjar 2000-2020 Þéttbýlisuppráttur

SKÝRINGAR

- - - Mörk deiliskipulags
- - - Byggingareitur
- - - Þrýstilögn
- - - Aðkomuvegur og bilastæði

Hnitakerfi: ISN93

Deiliskipulagið var unnið af VSÓ Ráðgjöf í samráði við Grindavíkurbæ í febrúar 2011.

SAMÞYKKTIR:

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð

í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.

123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn

Grindavíkur þann _____.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt

í B-deild Stjórnartíðinda þann _____.

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI

VSÓ RÁDGJÖF

BORGARTÚN 20, 105 REYKJAVÍK, SI 5859000, Fax: 5859110
www.vso.is, vso@vso.is

SKIPULAG: GHS
YFRIFARIR: SGT
KVARN: 1:2.000 A2
DAGS.: 23.02.2011
BREYTT:

001



UNNIÐ FYRIR:
GRINDAVÍKURBÆ

Umhverfismat breytingar á deiliskipulagi

Deiliskipulagsbreyting þessi markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 sbr. 2. viðauki til 13.a. Breytingin er því háð umhverfismati skv. lögum um umhverfismat áætлана nr. 105/2006.

Hér á eftir eru birtar helstu niðurstöður umhverfismats deiliskipulagsbreytingar vegna fyrirhugaðrar dælustöðvar og þrýstilagrar.

Jarðmyndanir

Við skipulagsbreytinguna verður rask á nútímhrauni vegna byggingar dælustöðvar en talsvert rask er nú þegar við byggingarreit hennar. Dælustöðin er innan skilgreinds svæðis fyrir þjónustu skv. núverandi skipulagi og því er gert ráð fyrir uppbyggingu

mannvirkja innan þess. Nútímhraun nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og ber að forðast rask þess eins og kostur er. Niðurstaða umhverfismats er að breyting á deiliskipulagi hafi neikvæð áhrif á jarðmyndanir, en að áform um byggingu dælustöðvar valdi ekki meiri áhrifum en gildandi skipulag hefið í för með sér.

Ferðamennska og útivist

Skipulagsbreytingin getur haft í för með sér breytingar á ásynnd aðkomu Bláa lónsins, sem er einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins. Byggingareitur er nærri aðkomuvegi Bláa lónsins og getur dælustöðin því verið sýnileg þeim mikla fjölda ferðamanna sem sækja lónið heim. Mótvegisáðgerðir felast í því að minnka sýnileika dælustöðvar með klæðningu sem fellur að

umhverfinu, takmarka hæð byggingar og umfang ofanjarðar.

Eftirfylgni

Eftirfylgni vegna skipulagsbreytinganna felst í því að fylgja eftir skilmálum varðandi hæð, umfang og útlit dælustöðvar og að ekki verði rask á hrauni utan vegaxlar Bláalónsvegar sbr. greinargerð.

Samráð í skipulagsvinnu

Áherslur umhverfismats vegna breytinga á deiliskipulaginu voru kynntar Umhverfisstofnun á fundi og með óformlegum samskiptum þess utan. Stofnunin gerði athugasemdir m.a. við staðsetningu og umfang dælustöðvar m.t.t. ásynndar og varðandi rask á hrauni vegna afmörkunar byggingarreits.

Brugðist var við þessum athugasemdum með því að setja skilmála um hæð og umfang dælustöðvar á yfirborði. Leitað var eftir sjónarmiðum Vegagerðarinnar á fundi vegna staðsetningar lagnar í vegðxl tengivegar. Vegagerðin fór fram á að ekki mætti hreyfa við hrauni með veginum og að vandað væri til frágangs. Bláa lónið hf setti fram kröfur um umfang, hæð og útlit dælustöðvar og setti fram sjónarmið um staðsetningu borsvæðis við sprungurein. Breytingarnar voru kynntar Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja sem leggur áherslu á að borholur nái vel niður fyrir ferskvatnslag og að þær verði fódraðar á þeim kafla sem liggur um ferskvatnslinsuna. Gerðar voru breytingar á deiliskipulagi og umhverfisskýrslu til að koma til móts við þessi sjónarmið.